



Innkaupa- og framkvæmdaráð

***Garðaborg, endurgerð lóðar 2020.***

Óskað er eftir að innkauparáð heimili að gerður verði viðauki við verksamning lægstbjóðanda Jóhanns Helga & Co ehf. í útboði vegna endurgerðar lóðar Garðaborgar árið 2020.

Vísað er til 30. og 44. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar og 23. og greinar laga um opinber innkaup.

Áætluð upphæð viðauka nemur 12,9 mkr. án vsk. Viðauki er skv. einingaverðum í tilboði lægstbjóðanda.

Framkvæmdir við fyrri hluta lóðarinnar eru að hefjast á grundvelli útboðs 14760 frá 15. apríl 2020.

Framkvæmdir við síðari hluta eru skv. átaki Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna COVID-19 sem var samþykkt í borgarráði þann 26. mars sl.

Viðaukasamningur við lægstbjóðanda gerir það keyft að vinna endurgerð lóðarinnar í einni samfellu, stytta framkvæmdatíma og lágmarka röskun á starfsemi skólans á árinu 2020.

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds